

Samkeppnisstefna Regins hf. og dótturfélaga

Reginn hf. („Reginn“ eða „félagið“) er fasteignafélag í dreifðu eignarhaldi og er skráð í Kauphöll Íslands. Félagið leggur metnað sinn í að uppfylla ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 en lögin gegna þýðingarmiklu hlutverki við að tryggja virka og heilbrigða samkeppni. Samkvæmt stefnu þessari er það markmið Regins að ástunda heilbrigða og virka samkeppnishætti í allri starfsemi félagsins. Það hefur sýnt sig að skilvirk samkeppni skilar mestum ávinningi fyrir samfélagið.

Með samkeppnisstefnu þessari vill Reginn tryggja að samstæðan starfi ávallt á grundvelli heiðarlegrar samkeppni sem stunduð er í samræmi við samkeppnislög. Stjórnendur sjá til þess að starfsmenn fái fræðslu um helstu lög og reglur sem gilda í samkeppnismálum og einnig um þær skyldur sem á félaginu, stjórnendum og starfsmönnum hvíla.

Reginn tileinkar sér góða viðskiptahætti í samræmi við lög og reglur til þess að fyrirbyggja háttsemi sem gæti brotið gegn samkeppnislögum og þær alvarlegu afleiðingar sem slíkt hefði í för með sér. Ef upp koma tilvik sem gætu brotið í bága við ákvæði samkeppnislaga er brugðist hratt við og metið í samráði við lögfræðinga félagsins hvort slík tilvik eigi við rök að styðjast. Komi í ljós að samkeppnisbrot hafi átt sér stað innan starfsemi félagsins skal umsvifalaust upplýsa forstjóra um stöðu mála.

Samþykkt af stjórn Regins hf. þann 1. október 2020.

Albert Þór Jónsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Tómas Kristjánsson

